




BRÝNIÐ



10 árg. 2. tbl.

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð

April 2005

Formannsspjall

*Bráðum kemur blesað vorið
Blómaskraut og mildur blær.
Þá er ljúft og létt hvert sporið.
Lífið fagurt, stundin kær.*

Með þessum orðum er vetrastarfið senn að baki og vorverkin að taka við. Frá því að síðasta Brýni kom út höfum við farið stórskemmtilega ferð í Þjóðminjasafnið, skoðað þar hið nýja og glæsilega safn, hlýtt á fyrirlestur og fræðst um tréskurðarmuni sem þar eru sýndir. Þá tókst vel til með fyrirlestur Þórs Magnússonar fyrrum þjóðminjavarnar um Höfðaletur, sem haldinn var í húsnæði Heimiliðnaðarfélags Íslands. Með þessum fyrsta sameiginlega fundi Heimiliðnaðarfélagsins og Tréskurðarfélagsins gæti skapast áframhaldandi grunnur að nánara samstarfi, þar sem bæði félögin vinna að svipuðum hugarefnum. Ferðin í Þjóðminjasafnið og á fyrirlesturinn voru félagsmönnum að kostnaðarlausu en félagið greiddi allan tilkostnað og aðgangseyrir. Mjög góð þátttaka var eða samtals um fjörutíu manns. Framundan hjá okkur er vorsýning félagsins sem verður með svipuðum hætti og síðustu sýningar hafa verið og er á sama stað í tengibyggingu Háteigsskirkju. Nánar er fjallað um sýninguna á öðrum stað í fréttablaðinu.

Á stjórnarfundi nú í mars voru líflegar umræður um nk. vetrarstarf. Kom þar margt skemmtilegt til álita sem hægt er að gera og

hafa ánægju af. Þar var m.a. ákveðið að taka stefnuna austur fyrir "Fjall" í byrjun október nk. Fara þar í kirkjuskoðunarferð og etv. heimsækja okkar ágætu listakonu Siggú frá Grund ásamt öðru forvitnilegu sem gaman er að skoða. Ráðgert er að fá til liðs við okkur sóknaprestinn á Stokkseyri og njóta hans leiðsagnar um sveitina, væntanlega verður farið saman í rútubíl.

Þá var rætt um það að hafa teiknikennslu á haustmánuðum og reyna með því að hvetja menn til þátttöku í teiknisamkeppni sem boðað var til í nóvember á sl.ári. Enginn hafði skilað inn teikningum fyrir tilsettán tíma, sem var nú í mars. Var því ákveðið að fresta keppninni til næsta árs og tengja hana afmælisári félagsins, en það verður tíu ára á næsta ári. Af því tilefni hefur stjórn félagsins ákveðið að setja upp afmælissýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur dagana 11. til 19. mars 2006. Stjórn félagsins hefur mælt svo fyrir að undirbúa þurfí sýningu sem þessa mjög vel, þar sem að mörgu þarf að hyggja og þarf undirbúnингur að byrja sem allra fyrst. Núverandi sýningarnefnd ásamt þeim Jóni Adólf og Stefáni G. hefur fengið það verkefni að koma þessum undirbúnungi á stað ásamt formanni félagsins.

Nánar verður sagt frá sýningunni í næsta fréttablaði.

Stjórn félagsins óskar ykkur öllum gleðilegs sumars og þakkar samstarfið á liðnum vetri. Friðgeir H. Guðmundsson
Formaður

Heiðurssýnandi á vorsýningunni 30. apríl og 1. maí n.k.

Jón Jóhann Magnússon


Gestasýnandi á vorsýningu félagsins að þessu sinni er Jón Jóhann Magnússon.

Jón er fæddur í innri Fagradal í

Saurbæjarhreppi 16. nóvember 1912. Hann fluttist með foreldrum sínum til Hólmavíkur rúmlega tíu ára gamall og átti þar heima þar til hann fluttist til Reykjavíkur rúmlega tvítugur. Jón hóf nám í húsgagnasmíði 1941 hjá Húsgagnavinnustofu Þorsteins Sigurðssonar að Grettisgötu 13 og lauk sveinsþrófi frá Iðnskólanum í Reykjavík 1945 og hlaut meistarabréf í húsganasmíði 1948. Jón vann mestan hluta starfsæfi sinnar við húsgagnasmíði. Hann lést 10. 2. 2003.


Tíðindamaður Brýnisins, Anna Lilja, ásamt Erni Sigurðssyni úr sýningarnefndinni, börðu dyra í Bólstaðarhlíðinni hjá eftirlifandi eiginkonu Jóns, Sigrún Sigurjónsdóttur. Sigrún tók vel á móti okkur. Hvarvetna á heimilinu blöstu við handarverk Jóns, en þau hjónin fluttu inn í íbúðina rúmlega fokhelda og innréttuðu hana sjálf. Meðan Jón bjó enn á Hólmavík sótti hann námskeið í útskurði hjá Tryggva Samúelssyni. Alla tíð síðan skar hann út í hjáverkum.

Sveinsstykki Jóns í húsgagnasmíði, stór stofuskápur, er skreytt útskurði eftir hann. Flest húsgögnum á heimilinu smíðaði Jón og skar út í mörg þeirra. Í loftinu í stofunni er



forkunnarfögur fimmarma ljósakrónna og á vegnum lampar í stíl. Ljósakrónan er unnin fyrir 1950. Hún er samansett, bæði rennd og skorin, og rafmagnsþráðunum komið fyrir innaní. Segja má að Jón hafi skorið hana á





o.fl. Jón sýndi vek sín opinberlega einu sinn en það var á sýningunni “Ur starfi í leik” sýning á frístundaverkum byggingariðnaðarmanna og málmiðnaðarmanna í Lístasafni ASÍ í maí 1984.

hnjánum. Gardínukapparnir í stofunni eru skreyttir útskurði og í borðkróknum í eldhúsini er viðarklæðning og efst á hanna felldur útskorinn renningur. Útskorni renningurinn var gardínukappi í stofunni í Karfavoginum, þar sem þau bjuggu áður. Í hornunum efst á dyrakörmunum í íbúðinni eru útskornar rósettur til skrauts. Jón skar út nokkrar vegghillur og fjölmargar styttr t.d eina af Oddi sterka og nokkrar sem sýna gömul vinnubrögð, veggmyndir



Vísnahornið.

Í haustbalaði Brýnisins á síðastliðnu ári birti formaður félagsins vísu í pistli sínum og vildi vita hvort menn þekktu höfund hennar. Höfundur vísunnar er Hannes Flosason myndskeri, hann rekur skurðlistarskóla, og er tilurð vísunnar sú að kvöld eitt þegar námshópur var kominn í gang kom kona í dyrnar og spurði hvort hún mætti vera með. Svaraði Hannes þá með vísunni:

Úti í horni í einum hnút
ætla ég þér að vera.
Þér verður ekki vísað út
viljirðu koma að skera.

Um annan nemanda sinn orkti Hannes þessa vísu:

Stelpan þar og stelpan hér.
Stelpan Guðny komin er.
Stelpan yrkir stelpan sker.
Stelpan gengur fram af mér.

Eitt vorið var settur upp listi og þessi vísa með:

Allir sem vilja vera
á vornámskeiði og skera,
nafnið sitt skulu hér skrifa
svo skemmtilegt verði að lifa.

Vorsýning FÁT 2005:

Vorsýning félagsins verður laugardaginn 30 apríl og sunnudaginn 1 maí n.k. kl 13:00-17:00 báða dagana. Sýningin verður í tengibyggingu safnaðarheimilis Háteigskirju v/Háteigsveg í Rvk. Heiðursgestu sýningarárinnar er Jón Jóhann Magnússon.


Félagsmenn eru hvattir til að taka þátt í sýningunni. Tekið er á móti munum félagsmanna á sýninguna á sýningarstað föstudaginn 29 apríl milli kl 18:00 og 19:00. Sækja þarf munina að sýningu lokinni sunnudaginn 1. maí kl 17:00.

Nokkur verkstæði verða opin á sýningardaginn:

Tréskurðarverkstæði Hannesar Flosasonar að Kársnesbraut 123 í Kópavogi verður opið til kynningar 30. apríl og 1. maí kl. 16:00 – 19:00. Þar má sjá stóran hluta af kennsluverkum skólans sem starfað hefur frá 1972.

Tréskurðarverkstæði Friðgeirs Guðmundssonar að Melalind 12 Kópavogi verður opið til kynningar 30. apríl og 1. maí kl. 14:00-17:00 báða dagana.

Tréskurðarverkstæði Jóns Adólfs Steinólfssonar að Kársnesbraut 91 Kópavogi verður opið til kynningar 30. apríl og 1. maí kl. 14:00-17:00 báða dagana.



Félagsmenn athugið.

Bækur, myndbönd og teikningar félagsins eru til útleigu hjá Friðgeiri Guðmundssyni að Melalind 12 Kópavogi. Einnig á félagið myndir sem félagsmenn geta fengið að skoða. Síminn er 5546775 og 8616775, tölvupóstfang frg@isl.is.

Gleðilegt summar

Brýnið

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð
Melalind 12,
201 Kópavogur
Heimasíða Félags áhugamanna um tréskurð
<http://www.simnet.is/samvil/treskurdur>

Fridgeir Guðmundsson
Melalind 12
201 Kópavogur